


Hluti gildandi deiliskipulags mkv.1:1000 samþykktur í borgarráði 11.jan.1992




Deiliskipulagsbreyting mkv. 1:1000




Skýringarmynd - loftmynd mkv.1:1000

## GREINARGERÐ

Í gildi er deiliskipulag fyrir Breiðholt 3-austurdeild, samþykkt í borgarráði 11. jan.1977, uppfært 2. júlí 1990 með síðari breytingum ásamt skilmálum.

26.05.1992 var samþykktur í borgarráði uppdráttur þar sem lagt er til að landnotkun verði skilgreind sem íbúðarsvæði og byggt verði sambýli fyrir fatlaða á lóðinni Hólaberg 86. Samþykktar voru í byggingarnefnd 06.10.1993 tvö einnar hæðar hús, núverandi bygging og verkstæðishús sem aldrei hefur verið byggt en reiturinn,120 m2 verður látinn halda sér vegna framtíðarnýtingar.

Gildandi mæliblað var gefið út 2012 þar sem afmörkuð eru 7 bílastæði á lóðinni með innkeyrslu frá sameiginlegu bílastæði á borgarlandi,(sjá skýringarmynd frá 1992) sem var aldrei gert en er nú innkeyrsla lóðarinnar nr.84. Engin kvöð er um innakstur á bílastæði sambýlisins á mæliblaði lóðar nr.84 við Hólaberg. Innkeyrsla á lóðina hefur alltaf verið frá Hólabergi og er lagt til að svo verð áfram.
Bílastæði fyrir fatlaða er nær húsinu.

Kvöð um göngustíg gegnum bílastæði á lóðinni er aflögð. Stígurinn er aflagður á lóð nr.84 vegna skábrautar niður í bílageymslu og engin kvöð er um hann á mæliblaði fyrir lóð nr.84.

Í dag er húsið nýtt sem skamtímavistun fyrir fatlaða. Þrengsli há starfseminni og er því þörf á að stækka húsið. Gert er ráð fyrir að stækkunin komi í beinu framhaldi af húsinu til vesturs með sama húsprófíl þannig að sjónlínur frá íbúðarhúsi aldraða nr.84 skerðist ekki.
Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

## BREYTINGIN FELST Í

- Afmarkaður er byggingarreitur til vesturs frá núverandi húsi.
- Felld er niður kvöð um göngustíg gegnum bílastæði.
- Innkeyrsla á bílastæði frá lóð nr.84 er felld niður og verður aðkoman beint inn frá Hólabergi.

| STÆRÐIR FYRIR BREYTINGU | | STÆRÐIR EFTIR BREYTINGU | |
|---|---|---|---|
| Lóðarstærð | 1857 m2 | Lóðarstærð | 1857 m2 |
| Bílstæði | 7 | Bílstæði | 8 |
| Núv.hús | 202 m2 | Núv.hús | 202 m2 |
| Samþykktur bygg.reitur | 120 m2 | Samþykkt byggingarmagn | 120 m2 |
| Samtals: | 322 m2 | Viðbótarbyggingarmagn | 185 m2 |
| | | Samtals: | 507 m2 |
| Nýtingarhlutfall 0.17 | | Nýtingarhlutfall 0.27 | |




Skýringarmynd:
Hluti uppdráttar samþykktur í borgarráði 26.05.1992 mkv.1.1000 / 1:200
minnkaður úr mkv.1:500 / 1:100




Snið mkv.1:500

## Skilmálar

Leyfilegt er að fara með þakskeggút fyrir byggingarreit.
Leyfilegt er að gera útskot á langhliðum 1 m út fyrir byggingarreit allt að 6 m2 .




Gildandi mæliblað útg.0.01.2012




HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

## Skýringar

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðarmörk
- Núverandi byggingar
- Byggingarreitur

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr.43.gr.skipulags-og byggingarlaga nr.123/2010 var samþykkt í Borgarráði þann 7. júlí og á embættisafgr. skipul. fulltrúa þann 26. ágúst

Tillagan var auglýst frá 13. júlí með athugasemdafresti til 24. ágúst 2016

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 15. sept. 2016

Björn Axelsson

staðgreinir xxxx

| Verk | Teikn.nr. |
|---|---|
| HÓLABERG 86 | 1 |
| Skammtímatímavistun | DHÓL86-16005 |
| fyrir fatlaða | Mkv. 1: 1000 |
| Deiliskipulagsbreyting | |
| Teiknað/hannað af DH | Dags. 16.06.16 |
| | blaðstærð A2 |

Rúnar Gunnarsson arkitekt faí 090550-7999
Dagný Helgadóttir arkitekt faí 220849-3769
Anna María Benediktsdóttir arkitekt 041265-3969
Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000